

Dómsmálaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



Dags. 06.04.2018

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-30/2018 í samráðsgátt stjórnvalda**

*Áform um breytingar á barnalögum (skipt búseta barna, framfærsla, meðlag o.fl.)*

Nýlega voru birt í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til endurskoðunar laga um lögheimili, með hliðsjón af ýmsum breytingum sem orðið hafa á búsetuháttum í samfélaginu að undanfögnu. Í umsögn við þau frumvarpsdrög lýstu Hagsmunasamtök heimilanna vonbrigðum yfir því að enn bólaði ekkert á umbótum varðandi skráningu lögheimilis barna í þeim tilvikum sem foreldrar þeirra hafa ekki sama lögheimili, og jöfnun þeirra réttinda sem annars fylgja slíkri skráningu. Með þeim áformum sem hér um ræðir er hins vegar fyrirhugað að endurskoða þessi atriði og því fagna samtökin.

Mikilvæg réttindi fylgja lögheimilisskráningu barna, svo sem hvað varðar barnabætur, vaxtabætur og meðlagsgreiðslur frá hinu foreldrinu. Það fyrirkomulag sem nú er í gildi veitir aðeins öðru foreldrinu slík réttindi, á kostnað hins, sem óhjákvæmilega gerir börnin í einhverjum tilvikum að leiksoppum í átökum foreldra þeirra um þessa fjárhagslegu hagsmuni. Slíkt fyrirkomulag mismunar foreldrum eftir því hvar lögheimili barnanna er skráð og gerir því foreldri sem þarf að bera hallann af þessu þeim mun erfiðara fyrir að búa börnunum viðunandi heimili þannig að þau geti notið jafnra samvista við báða foreldra sína. Þetta felur í sér mismunun og útilokar í mörgum tilfellum jafna skiptingu réttinda og skyldna í þeim tilvikum sem það væri þó þrátt fyrir allt barninu fyrir bestu.

Hagsmunasamtök heimilanna fagna þeim áformum sem nú hafa komið fram um að ráðast í úrbætur á ofangreindu fyrirkomulagi og styðja það verkefni eindregið. Af því tilefni benda samtökin á að í ljósi breyttra búsetuhátta og samfélagslegra aðstæðna væri við hæfi að taka það upp sem meginreglu að bæði skyldur og réttindi vegna barna skiptist jafnt milli beggja foreldra, óháð því hvernig sambandi þeirra og búsetu sé háttað að öðru leyti, nema í undantekningartilvikum þar sem annað fyrirkomulag þykir nauðsynlegt og réttlætanlegt. Þannig yrði gætt jafnræðis og meðalhófs í þeim meirihluta tilvika sem enginn ágreiningur er fyrir hendi um forsjá og uppeldi barna þrátt fyrir skilnað eða sambands slit foreldranna. Slíkt fyrirkomulag væri í betra samræmi við ríkjandi viðhorf og samfélagshætti en það kerfi sem hingað til hefur verið við lýði, lítað af úreltum viðhorfum liðinna tíma.

- 0 -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is